

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 13. apríl 2010 í máli nr. E-258/2009:

NBI hf.

(Borgar Þór Einarsson hdl.)

gegn

H&A eignarhaldsfélagi ehf. og

Arnari Sölvasyni

(Ari Karlsson hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 17. f.m., er höfðað 2. janúar 2009 af NBI hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur H&A eignarhaldsfélagi ehf. og Arnari Sölvasyni, Ásbúð 78 í Garðabæ.

Í stefnu er þess krafist að stefndu verði óskipt gert að greiða stefnanda 2.696.086 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. nóvember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda H&A eignarhaldsfélag ehf., en frá 26. desember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda Arnar Sölvason. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndu krefjast nú sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en frávísunarkröfu sem þeir höfðu uppi í greinargerð var hafnað með úrskurði dómsins 29. september 2009. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

I

Stefnandi lýsir mátavikum svo í stefnu að 14. apríl 2003 hafi stefndi H&A eignarhaldsfélag ehf. stofnað tékkareikning, sem fengið hafi númerið 6309, í útibúi stefnanda að Laugavegi 77 í Reykjavík. Hinn 5. apríl 2006 hafi stefndi Arnar tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu yfirdráttar á tékkareikningnum að fjárhæð allt að 10.000.000 krónur auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar. Þann 10. nóvember 2008 hafi innistæðulausar færslur á reikningnum numið 2.696.086 krónum og hafi honum þá verið lokað. Innheimtubrэф hafi verið sent stefndu 26. nóvember 2008, en skuldin ekki fengist greidd og því sé nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til meginreglna kröfu- og samningaréttar um skyldu til greiðslu fjárskuldbindinga, svo og til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 að því er vaxtakröfu varðar.

II

Í greinargerð er þess getið að stefndi H&A eignarhaldsfélag ehf. hafi um árabíll átt í margháttuðum viðskiptum við Landsbanka Íslands hf. Meðal annars hafi með heimild bankans verið stofnað til yfirdráttar á reikningi við útibú hans að Laugavegi 77 í Reykjavík. Þeim reikningi hafi fyrirvaralaust verið lokað þrátt fyrir loforð starfsmanna bankans að það yrði ekki gert og mál þetta höfðað í kjölfarið.

Sýknukröfu sína í málinu byggja stefndu í fyrsta lagi á aðildarskorti, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þannig hafi stefnandi ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að hann sé eigandi þeirra réttinda sem krafa hans byggir á. Gögn sem stefnandi hefur lagt fram í málinu til stuðnings kröfu sinni beri það með sér að Landsbanki Íslands hf. sé eigandi hennar. Engin ótvíræð gögn liggja fyrir um yfirfærslu réttinda frá upphaflegum kröfuhafa til stefnanda og sé ósannað að hún hafi átt sér stað. Með því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á eignarrétt sinn að þeirri fjárkröfu sem hann hefur uppi í málinu geti hann ekki leitað dóms um hana og sé því um vanheimild af hans hálfu að ræða. Verði ekki á þetta fallist er á því byggt að stefnanda hafi brostið heimild til þeirrar gjaldfellingar sem málsókn hans er grundvölluð á, en hún hafi verið fyrirvaralaus og án aðvörunar. Í þriðja lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því að það sé ósanngjarnt gagnvart þeim og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi leiti dóms fyrir fjárkröfu sinni. Þeim samningi sem fyrir liggja um heimild stefnda H&A eignarhaldsfélags ehf. til yfirdráttar og sjálfskuldarábyrgð stefnda Arnars eigi því að víkja til hliðar, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Er þá á því byggt að þegar umrædd yfirdráttarskuld var gjaldfelld hafi háttað svo til í efnahagslífi þjóðarinnar að ómögulegt hafi verið fyrir stefndu að afla fjár til að greiða hana. Landsbanki Íslands hf. hafi sjálfur komist í greiðsluþrot og jafnframt hafi íslenskt efnahags- og fjármálakerfi beðið slíkt skipbrot að ómögulegt hafi verið fyrir stefndu að verða sér út um fjármagn annars staðar frá til að greiða skuldina. Um rök fyrir varakröfu sinni um niðurfellingu málskostnaðar vísa stefndu til atvika málsins, málátílbúnaðar stefnanda, sem þeir telja óljósan og ófullnægjandi, og þeirra raka sem þeir hafa samkvæmt framansögðu teflt fram til stuðnings sýknukröfu sinni.

III

Í stefnu er komist svo að orði að stefnandi sé NBI hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík „vegna Landsbankinn hf. 0111, Laugavegi 77, 155 Reykjavík“. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefndu skýrði lögmaður stefnanda svo frá að þessa tilgreiningu á sóknaraðild málsins eigi að skilja svo að málið sé höfðað vegna skuldar stefndu við NBI hf. sem stofnað hafi verið til í útibúi bankans, sem í daglegu tali gengur undir nafninu Landsbankinn, að Laugavegi 77 í Reykjavík. Fyrir mistök hafi skammstöfuninni „hf.“ verið skeytt aftan við nafn Landsbankans. NBI hf. reki þannig málið í eigin nafni og komi ekki fram í því fyrir hönd annars aðila.

Í stefnu kemur ekki fram með hvaða hætti stefnandi hafi eignast þá kröfu sem hann sækir á hendur stefndu, en óumdeilt er að til hennar var upphaflega

stofnað gagnvart Landsbanka Íslands hf. Undir rekstri málsins hefur stefnandi að mati dómsins lagt fram viðhlítandi gögn um þetta. Þannig liggur það fyrir að 7. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 125/2008, að taka yfir rekstur Landsbanka Íslands hf. Í kjölfarið tók Nýi Landsbanki Íslands hf. yfir þær eignir hans sem tilgreindar eru í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008, þar með talin kröfuréttindi. Verður ekki séð að krafa af því tagi sem hér um ræðir sé þar undanskilin. Nafni Nýja Landsbanka Íslands hf. var síðan breytt 21. október 2008 í NBI hf.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið er ekki fyrir að fara aðildarskorti af hálfu stefnanda, NBI hf. Kröfu stefndu um sýknu á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 er því hafnað.

Samkvæmt gögnum málsins nam yfirdráttarheimild stefnda H&A eignarhaldsfélags ehf. á tékkareikningi nr. 6309 hjá Landsbanka Íslands hf. frá og með 6. nóvember 2007 2.500.000 krónum. Sú heimild var tímabundin og liggur ekki annað fyrir en að hún hafi átt að falla niður 20. október 2008 kæmi ekki til framlengingar á henni. Beindi bankinn erindi til hins stefnda félags hér að lútandi 6. október 2008. Heimildin var ekki framlengd. Þegar hún féll niður og með vísan til þess sem áður er rakið um aðild stefnanda átti hann gjaldfallna kröfu á hendur félaginu til samræmis við stöðu á reikningnum á þeim tíma og þaðan í frá. Hinn 10. nóvember 2008 nam skuld félagsins stefnufjárhæð málsins, 2.696.086 krónum og krafði stefnandi stefndu um greiðslu hennar með innheimtubréfi 26. sama mánaðar ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga samkvæmt framansögðu og innheimtuþóknun. Að framangreindu virtu er ekki fallist á kröfu stefndu um sýknu sem á því er reist að heimild hafi skort til að gjaldfella þá fjárskuldbindingu stefndu sem dómkrafa stefnanda tekur til. Þá eru heldur engar forsendur til að víkja henni til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi hefur undir rekstri málsins varpað nægilega skýru ljósi á tölulegan grundvöll kröfugerðar sinnar.

Samkvæmt öllu framansögðu er öllum málsástæðum stefndu fyrir sýknukröfu þeirra hafnað. Verður þeim því óskipt gert að greiða stefnanda 2.696.086 krónur ásamt vöxtum svo sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sá, sem tapar máli í öllu verulegu, að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Engin rök eru til að víkja hér frá þessari meginreglu. Verða stefndu með vísan til þessa og málsúrslita samkvæmt framansögðu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndu, H&A eignarhaldsfélag ehf. og Arnar Sölvason, greiði óskipt stefnanda, NBI hf., 2.696.086 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. nóvember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda H&A eignarhaldsfélag ehf., en frá 26. desember 2008 til greiðsludags að því er varðar stefnda Arnar.

Stefndu greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson